

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 18. desember 2025.

Mál nr. 761/2025:

Höfði ehf., fatalitun/þvottahús

(Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður)

gegn

Ikaupum ehf. og

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Björgvini Yngvasyni

(Andrés Már Magnússon lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Kæruheimild. Málskostnaður. Frávísun frá Landsrétti.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem B var heimiluð meðalganga í máli sem I ehf. höfðaði á hendur H ehf., málinu var vísað frá héraðsdómi og málskostnaður felldur niður. H ehf. kærði til Landsréttar þann hluta úrskurðarins sem kvað á um að málskostnaður milli aðila skyldi falla niður og krafðist þess að I ehf. og B yrðu gert að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi. Í úrskurði Landsréttar kom fram að aðalmeðferð málsins í héraði hefði nú þegar farið fram. Í 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála væri með tæmandi hætti í staflidum a. til f. mælt fyrir um það hvenær unnt sé að kæra úrskurð til Landsréttar eftir að aðalmeðferð máls sé hafin. Þar væri ekki að finna heimild til að kæra ákvæði um málskostnað og var málinu því vísað frá Landsrétti.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Jón Höskuldsson og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 3. nóvember 2025. Greinargerð varnaraðila Björgvins Yngvasonar barst réttinum 18. sama mánaðar og greinargerð varnaraðila Ikaupa ehf. degi síðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 20. október 2025 í málinu nr. E-102/2025 þar sem varnaraðila Björgvini Yngvasyni var heimiluð meðalganga í málið, því vísað frá dómi og málskostnaður látinn falla niður. Um kæruheimild er vísað til g-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að varnaraðilum verði gert að greiða honum málskostnað í héraði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

- 3 Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærúmálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Í kjölfar aðalmeðferðar í héraði 15. október 2025 var málið tekið til „dóms eða úrskurðar.“ Við aðalmeðferðina var bókuð í þingbók sú málflutningsyfirlýsing stefnanda í héraði, varnaraðila Ikaup ehf., að hann gerði ekki athugasemd við að málinu yrði vísað frá héraðsdómi og málskostnaður felldur niður. Fimm dögum síðar var kveðinn upp úrskurður í málinu þar sem varnaraðila Björgvini Yngvasyni var „heimiluð meðalgangan“, málinu vísað frá héraðsdómi og málskostnaður felldur niður.
- 5 Sóknaraðili kærði til Landsréttar þann hluta úrskurðarins sem kveður á um að málskostnaður milli aðila skuli falla niður með þeirri kröfu að varnaraðilar yrðu dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi auk kærúmálskostnaðar. Kæruheimildin er, eins og fram er komið, sögð vera g-liður 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991.
- 6 Svo sem rakið hefur verið fór aðalmeðferð málsins í héraði fram 15. október 2025 og hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 20. sama mánaðar. Í 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 er mælt fyrir um það með tæmandi hætti í staflidum a. til f. hvenær unnt sé að kæra úrskurð héraðsdómara til Landsréttar eftir að aðalmeðferð máls er hafin. Þar er ekki að finna heimild til að kæra ákvæði um málskostnað og verður málinu því vísað frá Landsrétti.
- 7 Rétt þykir að hver aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir Landsrétti.
- 8 Það athugast að samkvæmt bókun í þingbók 3. október 2025 var mál nr. E-472/2025 sameinað máli nr. E-102/2025 án þess að afstaða hefði verið tekið til þess hvort skilyrði hefðu verið fyrir meðalgöngu Björgvins Yngvasonar. Fyrirnefnda málið höfðaði meðalgöngustefnandi Björgvin og sótti hann þing í síðarnefnda málinu 9. september og 3. og 15. október 2025 eftir sameiningu málanna. Hann lagði fram gögn, þar á meðal meðalgöngustefnu sem þingfest hafði verið á reglulegu dómþingi 4. september 2025, og tók þátt í aðalmeðferð án þess að afstaða hefði verið tekin til þess hvort skilyrði væru uppfyllt til meðalgöngu hans. Var það fyrst gert með hinum kærða úrskurði 20. október 2025. Þessi rekstur málsins er í andstöðu við ákvæði laga nr. 91/1991.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Landsrétti.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 20. október 2025

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 15. október sl., var höfðað 10. febrúar sl. af Ikaupum ehf., [...], [...], á hendur Höfða ehf., fatalitun/þvottahúsi, kt. [...], [...].

Í stefnu gerir stefnandi þá dómkröfu að ógiltar verði með dómi allar ákvarðanir sem teknar voru á hluthafafundi í stefnda þann 2. janúar 2025.

Þá er þess krafist að staðfest verði lögbannsgerð sýslumannsins á Norðurlandi eystra dags. 31. janúar 2025 þar sem lögbann var lagt við öllum ráðstöfunum fjármuna á bankareikningum stefnda hjá [banka], útibú [...], nr. [...] og [...], sem og öllum öðrum bankareikningum í eigu stefnda hjá [banka] sem og í öðrum bönkum.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst þess að kröfu stefnanda um ógildinguna „allra ákvarðana“ hluthafafundar verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu af þeirri kröfu.

Stefndi krefst þess að kröfu stefnanda um staðfestingu lögbannsgerðar verði vísað frá dómi en til vara að henni verði hafnað.

Loks krefst stefndi fulls málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Þann 4. september sl. var þingfest meðalgöngustefna Björgvins Yngvasonar, kt. [...], [...] (mál dómstólsins nr. E-472/2025). Þess er í fyrsta lagi krafist að meðalgöngustefnanda verði heimil meðalganga inn í mál þetta. Þá krefst meðalgöngustefnandi þess að fallist verði á kröfur stefnanda í máli þessu. Loks krefst meðalgöngustefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda honum að skaðlausu samkvæmt málskostnaðaryfirliti eða að mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Í þinghaldi 3. október sl. var mál nr. E-472/2025 sameinað máli þessu.

Við aðalmeðferð málsins 15. október sl. gáfu fyrirsvarsmenn stefnda og stefnanda aðilaskýrslu sem og meðalgöngustefnandi. Þá gáfu skýrslu vitnin A, starfsmaður [banka], og B fasteignasali.

Málflutningur um frávísunarkröfur stefnda í aðalsök, aðrar kröfur um meðalgöngu og dómkröfur stefnanda og meðalgöngustefnanda að efni til fór fram í einu lagi.

Helstu málsatvik.

Meðalgöngustefnandi stofnaði stefnda árið 1988 og rak undir merkjum félagsins fatalitun og þvottahús á [...] um árabíl. Í október 2022 gerði meðalgöngustefnandi samninga um sölu félagsins að jöfnu til stefnanda, Höfða ehf. og Þrastabyggðar ehf. Á sama tíma var gerður kaupsamningur um kaup meðalgöngustefnanda á félaginu Höfða ehf. af félaginu Global Direct ehf. Skyldi greiðsludagur samkvæmt samningunum vera eigi síðar en 31. maí 2023. Samningarnir bera með sér að hugmyndir aðila hafi verið þær að stefndi yrði eftirleiddis í jöfnum eignarhlut meðalgöngustefnanda, Harðar Þórs Rögnvaldssonar, fyrirsvarsmanns stefnanda og Sævar Gests Jónssonar, fyrirsvarsmanns stefnda.

Greinir aðila á um ýmis efni í viðskiptasambandi þessu sem gekk m.a. út á að reisa tvö fjölbýlishús við [...] þar sem þvottahúsið stóð áður. Telja stefnandi og meðalgöngustefnandi m.a. að Sævar Gestur hafi vanrækt að tilkynna um breytt eignarhald á Höfða ehf. með þeim afleiðingum að hann sé nú skráður raunverulegur eigandi tveggja þriðju hluta í stefnda í stað þriðjungshlutarins sem honum beri. Þá hafa stefnandi og meðalgöngustefnandi gert athugasemdir við ráðstöfun fjár af reikningum stefnda.

Með kröfu 16. janúar sl. fór stefnandi þess á leit að lagt yrði lögbann það sem dómkröfur hans taka til. Lögbannið var lagt á 31. janúar sl. og liggur endurrit úr gerðabók sýslumannsins á Norðurlandi eystra fyrir í málinu.

Helstu málsástæður og lagarök aðila.

Í meðalgöngusök byggir meðalgöngustefnandi á því að hann eigi allt hlutafé í stefnda en honum sé hins vegar ófært að nýta eignarhald sitt. Geti hann hvorki tilkynnt nýja stjórn né varið rétt sinn þar sem til þess þurfi samþykki fráfarandi stjórnar félagsins. Meðalgöngustefnandi byggir á því að hann hafi verulega hagsmuni af því að lögbannið sem mál þetta fjallar um verði staðfest. Þannig varði málið bæði persónulega

hagsmuni hans og hagsmuni félags í hans eigu. Skilyrði 20. gr. laga nr. 91/1991 fyrir meðalgöngu séu því uppfyllt.

Stefnandi og stefndi leggjast ekki gegn því að meðalgöngustefnanda verði heimiluð meðalgangan. Af hálfu stefnda er málsástæðum meðalgöngustefnanda og málsatvikalýsingu þó mótmælt.

Í greinargerð stefnda í aðalsök er þess líkt og fyrr segir krafist að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi. Við aðalmeðferð málsins óskaði lögmaður stefnanda eftir því að bókað yrði í þingbók um þá málflutningsyfirlýsingu að stefnandi geri ekki sérstakar athugasemdir við þá niðurstöðu að málinu verði vísað frá dómi. Telur stefnandi í ljósi atvika allra eðlilegt að málskostnaður verði felldur niður. Í ræðu lögmanns meðalgöngustefnanda kom fram að meðalgöngustefnandi taki undir málflutning stefnanda að öllu leyti. Af málflutningi lögmannsins var ljóst að meðalgöngustefnandi taki þar með undir afstöðu stefnanda til frávísunarkröfu stefnda og ákvörðunar málskostnaðar.

Niðurstæða.

Hvorki stefnandi né stefndi hafa gert athugasemdir við að meðalgöngustefnanda verði heimilað að ganga inn í mál þetta. Telur dómurinn að meðalgöngustefnandi hafi sýnt fram á að hann eigi brýna og sjálfstæða hagsmuni af því að úrslit málsins verði á tiltekinn veg sem og að úrslit málsins skipti hann máli að lögum. Er þar horft til þess að skýrslutökur fyrir dómi hafa varpað ljósi á þann ágreining sem er meðal fyrirsvarsmanns stefnda annars vegar og stefnanda og meðalgöngustefnanda hins vegar um eignarhald á hlutafé í stefnda. Ber því að heimila meðalgönguna með vísan til 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en taka verður fram að með því hefur engin afstaða verið tekin til áðurnefnds ágreinings.

Í aðalsök er sú óvenjulega aðstaða uppi að stefnandi og meðalgöngustefnandi telja ekki ástæðu til að gera athugasemdir við kröfu stefnda um að málinu verði vísað frá dómi. Felur þetta í sér að ekki hafa komið fram varnir gegn frávísunarkröfu stefnda. Í ljósi forræðis aðila á sakarefninu, sbr. 45. gr. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991, þykir verða að fallast á kröfuna, sbr. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 31/1990 um kyrretningu, lögbann o.fl.

Að málsatvikum virtum og í ljósi 3. gr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að aðilar beri hver sinn kostnað af málarekstrinum.

Fyrir stefnanda flutti málið Sveinn Andri Sveinsson lögmaður, Andrés Már Magnússon lögmaður fyrir meðalgöngustefnanda og Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður fyrir stefnda.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan. Dómara var falið málið til afgreiðslu með bréfi dómstólasýslunnar 18. júní sl. en dómari hafði fram til þess tíma engin afskipti af meðferð þess.

Úrskurðarorð:

Meðalgöngustefnanda, Björgvini Yngvasyni, er heimiluð meðalgangan.

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.